

Skólaráðsfundur 15. mars 2023

Fundinn sátu:

Vildís Björk Bjarkadóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Þ. Elenóra Jónsdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skóladagatal 2023-2024.

Drög að skóladagatali 2023-2024 kynnt fyrir skólaráði. Vetrarfrisdagar eru samræmdir við skólana í Skagafirði og Húnaþingi vestra.

Öskudagur 2024.

Rætt um hugmynd frá foreldrafélaginu varðandi öskudag 2024 eða seinna. Á dagatali skólans yrði öskudagur skráður sem skóladagur með uppabroti líkt og þorablót og litlu jól.

Nemendur mæti í skólann í búningum, þeir sem vilja, en einnig verði hægt að nýta vinabekki og tengiliði til að aðstoða við að undirbúa daginn, t.d. með aðstoð við að mála, setja saman búninga og þess háttar. Einnig kom upp hugmynd um að hver bekkur myndi búa til sína eigin tunnu, sem nemendur myndu útbúa í skólanum. Hér fengi sköpunarkrafturinn að njóta sín og vonandi skapa skemmtilega hefð og metnað eftir því sem skiptum fjölgar.

Eftir matartíma hvers bekkjar yrði kötturinn sleginn úr tunnunni í hverri bekkjarstofu fyrir sig. Þannig yrðu allir saman og allir með. Í tunnunni væri svo hægt að hafa glaðning líkt og áður hvort sem það yrði nammi, gjafabréf eða annað sem væri sniðugt.

Hér gæti svo skólinn ákveðið sjálfur hvort nemendur í 6.-10. bekk myndu slá köttinn í sínum stofum eða við myndum finna eitthvað annað handa þeim, skólinn betur til þess fallinn að segja til um hvað myndi virka og hvað ekki. Eftir þann viðburð væri skólastarfi lokið.

Þá gætu börnin farið í fyrirtæki og sungið fyrir gótt líkt og hefð hefur verið fyrir. Myndi bara færast eftir hádegi.

Hugmyndin er sú að með þessu fyrirkomulagi væri hægt að koma á mótis við þau börn sem hafa átt erfitt uppdráttar á þessum degi, auðveldara væri að mynda hópa til söngs þegar allir eru mættir í skólann. Einnig að þeir sem kjósa að taka ekki þátt hafa þá þegar fengið jákvæða og góða upplifun af deginum í skólanum. Þetta væri minna rask fyrir foreldra barna á yngsta stigi, þeir geta stundað vinnu til hádegis og farið svo með yngstu börnunum í sönggrúnt, þau fara í Árvist eða annað sem til fellur.

Með þessu myndi hin hefðbundna öskudagsskemmtun í íþróttahúsinu falla niður.

Rætt um möguleika á að koma þessu á. Þetta þarf að ræða í starfsmannahópnum og með tengiliðum sem fulltrúum foreldra. Þetta verður rætt nánar á næsta fundi.

Skólapúlsinn.

Óskar fór yfir helstu niðurstöður úr Skólapúlsinum. Könnunin fer fram í úrtakshópum nokkrum sinnum á skólaárinu. Einn hópur á eftir að svara í hverjum árgangi.

A-álman.

Skipt verður um alla glugga og klæða á útveggi álmunnar í sumar.

Næsti fundur í skólaráði er miðvikudaginn 26. apríl.